

Sp.

668. Þingsályktun

[19. mál]

um stefnu Íslands í utanríkismálum og um meðferð varnarsamningsins við Bandaríkin.

(Afgreidd frá Sp. 28. marz.)

Alþingi ályktar að lýsa yfir:

Stefna Íslands í utanríkismálum verði hér eftir sem hingað til við það miðuð að tryggja sjálfstæði og öryggi landsins, að höfð sé vinsamleg sambúð við allar þjóðir og að Íslendingar eigi samstöðu um öryggismál við nágrannaþjóðir sínar, m. a. með samstarfi í Atlantshafsbandalaginu.

Með hliðsjón af breyttum viðhorfum síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður og með tilliti til yfirlýsinga um, að eigi skuli vera erlendur her á Íslandi á friðartímum, verði þegar hafin endurskoðun á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, með það fyrir augum, að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald varnarmannvirkja — þó ekki hernaðarstörf — og að herinn hverfi úr landi. Fáist ekki samkomulag um þessa breytingu, verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkv. 7. gr. samningsins.